

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Lulu Munk Andersen,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ráðhús Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 26. nóvember 2014
2014110019/42-0
TB
jgo/tb

Lýsing deiliskipulags lóðar í landi Húsafells 1

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað er eftir athugsemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á deiliskipulagi í landi Húsafells 1. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að byggja upp sýningarskála, menningarhús og þjónustuhús sem geta hýst steinhörpur og önnur listaverk og byggja upp legsteinasafn fyrir Húsafellslegsteina frá 19. öld. Þjónustuhús á einnig að geta hýst aðra menningartengda starfsemi á Húsafelli.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Af innsendum gögnum að dæma svo og af skoðun loftmynda er ekki betur að sjá en að deiliskipulagsreiturinn sé allur innan svæðis sem er nú þegar ræktað land eða innan og rétt við þegar byggt svæði. Náttúrufræðistofnun getur ekki séð af innsendum gögnum að náttúruverðmæti séu í hættu. Ekki er lagt mat á hvort menningarverðmæti geti verið til staðar innan deiliskipulagsreits. Náttúrufræðistofnun gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við erindið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

